

## SAMKOMULAG

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara (FSSS) gera með sér eftirfarandi samkomulag um aðkomu FSSS að faglegum málefnum er varða rammasamning SÍ og sjúkraþjálfara, dags. 11. janúar 2012.

1. Hvor aðili um sig tilnefnir tvo fulltrúa í samstarfsnefnd. Hún sinnir þeim verkefnum sem tilgreind eru í samkomulagi þessu. Ef málsaðili rammasamningsins óskar þess tekur hún einnig til úrlausnar álitamál vegna rammasamningsins.
2. Aðilar hafa eftirlit með því að aðstaða sé skv. 3. gr. rammasamningsins og búnaður í samræmi við fylgiskjal nr. 1 og fjalla um umsóknir um frávik.
3. Aðilar marka stefnu og taka ákvarðanir um þróun SP-kerfisins.
4. Aðilar fjalla um álitamál sem kunna að koma fram vegna samskipta sjúklinga og sjúkraþjálfara.
5. Aðilar gera tillögur í öðrum málum er upp kunna að koma í samskiptum SÍ og sjúkraþjálfara.
6. Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir fundi um önnur fagleg mál, en að ofan greinir, er varða rammasamninginn.
7. Sérstök nefndarstörf.
  - a. Aðilar skipa fjögurra manna nefnd, tvo frá hvorum aðila, til að koma með tillögur að mati á starfsreynslu og viðbótarmenntun sjúkraþjálfara, sem hefur áhrif á gjaldskrá, sbr. ákvæði 6. gr. og bókun nr. III í rammasamningi.
  - b. Aðilar skipa fjögurra manna nefnd, tvo frá hvorum aðila, til að skoða rekstrargrundvöll sjúkraþjálfunarstofu, annars vegar með tilliti til launahluta og hins vegar rekstrarhluta, sbr. bókun nr. III í rammasamningi.

Nefndirnar skulu ljúka störfum fyrir 1. október 2012. Niðurstöðurnar skulu vera grundvöllur að viðræðum við næstu samningagerð.

Framlag FSSS skv. samkomulagi þessu er SÍ að kostnaðarlausu, nema um annað sé samið sérstaklega.

Reykjavík, 11. janúar 2012

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

*Kristján Þorjónsson*  
*Guðlaug Þorvörð*

F.h. Félags sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

*Ólafur Sigurðsson*  
*Hvítlaug Samundadóttir*  
*Andri Ólafsson*  
*Sölveig Steingrimsdóttir*  
*Rún Rún*